

Þriðjudaginn 1. mars 1983.
 Nr. 171/1980. **Hilmar Fr. Guðjónsson**
 (Hallgrímur B. Geirsson hdl.)
 gegn
Ásu Jóhannsdóttur
Magnúsi Eiríkssyni
 (Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.)
Hönnu Guðmundsdóttur
Dagbjörtu Halldórsdóttur
Laufeyju Arnalds
 (Skúli J. Pálmason hrl.)
Ólafi Björnssyni
Byggingarfélaginu Ósi h/f
Jóninu Jónsdóttur
Þóreyju Ólafsdóttur
Kjartani Jónssyni
dánarbúi Björns Gíslasonar
 (Tómas Gunnarsson hrl.)
 og
Ásu Jóhannsdóttur
Laufeyju Arnalds og
Magnúsi Eiríkssyni
sem stjórn Rörsteypunnar h/f
 (Páll A. Pálsson hrl.).

Hlutafélag. Forkaupsréttur. Fyrirsvar. Kröfu að hluta vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og settir hæstaréttardómarar Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. september 1980. Stefndi Björn Gíslason lést eftir uppsögu héraðsdóms, og hefur dánarbúi hans verið stefnt til aðildar í málinu með stefnu 11. mars 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Gerir áfrýjandi þær dómkröfur *ad allega*, að stefndu verði dæmd til þess að

þola riftun á kaupsamningi, dags. 28. maí 1979, um sölu á 82.727% hlutafjár í Rörsteypunni h/f í Kópavogi og stjórn félagsins dæmt skylt að bjóða áfrýjanda forkaupsrétt að hlutafjáreign hvers einstaks hluthafa.

Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði dæmd til þess að þola riftun á ofangreindum kaupsamningi og viðurkenndur verði með dómi réttur áfrýjanda til þess að fá framseld til sín þau hlutabréf, er stefndu Dagbjörg, Hanna og Laufey framseldu samkvæmt samningnum til Byggingarfélagsins Óss h/f, gegn greiðslu á kr. 415.632.90 með þeim greiðsluskilmálum, er í kaupsamningnum greinir.

Önnur varakrafa áfrýjanda er sú, að stefndu Dagbjört, Hanna og Laufey og stefnda Byggingarfélagið Ós h/f verði dæmd til að þola riftun á kaupsamningnum sínum, dagsettum 28. maí 1979, um hlutabréf í Rörsteypunni h/f í Kópavogi og viðurkenndur verði með dómi réttur áfrýjanda til þess að fá hlutabréfin framseld til sín gegn greiðslu á kr. 415.632.90 með þeim greiðsluskilmálum, er í kaupsamningnum greinir.

Þriðja varakrafa er sú, að stefndu Ása, Dagbjört, Hanna, Magnús, Laufey, Byggingarfélagið Ós h/f, Jónína, dánarbú Björns Gíslasonar, Þórey og Kjartan verði dæmd til þess að þola riftun á samningnum sín á milli um kaup á hlutabréfum skv. kaupsamningnum, dags. 28. maí 1979, og stjórn Rörsteypunnar h/f verði gert skylt að bjóða áfrýjanda forkaupsrétt að sölu til hvers einstaks kaupanda.

Málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti er krafist úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í aðalkröfu og þriðju varakröfu hefur áfrýjandi uppi kröfugerð þá í málinu á hendur stjórn Rörsteypunnar h/f, er að framan greinir. Einstaklingar þeir, er áfrýjandi hefur stefnt f. h. stjórnarinnar, létu af stjórnarstörfum á fundi í félaginu 8. júní 1979. Voru aðrir menn kjörnir til stjórnarstarfa í þeirra stað á sama fundi. Svo sem í héraðsdómi greinir, mátti áfrýjanda vera þetta ljóst, þegar málið var höfðað með birtingu héraðsdómsstefnu 20. og 22. júní s. á.

Áfrýjandi gætti þess hins vegar eigi að stefna þeim, er að lögum fóru með fyrirvar fyrir félagið, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942. Ber að vísa kröfu hans á hendur Ásu Jóhannsdóttur, Laufeyju Arnalds og Magnúsi Eiríkssyni sem stjórn Rörsteypunar h/f sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Samkvæmt 7. gr. stofnsamnings og 4. gr. samþykktar Rörsteypunnar h/f átti áfrýjandi forkaupsrétt að fölum hlutabréfum í hlutfalli við hlutafjáreign sína, eins og nánar greinir í ákvæðum þessum, en þau eru tekin upp í héraðsdóm. Við söluna 28. maí 1979 bundust hinir stefndu seljendur samtökum, og átti áfrýjandi í fyrstu aðild þar að, þótt hann skipti síðar um skoðun. Eigi er fram komið í málinu, að föl hafi verið hlutabréf einstakra hluthafa, og er samkvæmt því ósannað, að í raun hafi verið um marga sjálfstæða kaupsamninga að ræða. Ekki verður fallist á, að áfrýjandi hafi samkvæmt stofnsamningi, samþykktum eða almennum reglum átt kröfu til að ganga inn í kaupun að því er varðaði hlutabréf einstakra hluthafa aðeins. Var forkaupsrétti áfrýjanda fullnægt, er honum var á hluthafafundi 1. maí 1979 gefinn kostur á að ganga inn í kaup þau í heild, er að framan greinir. Eigi liggur fyrir, að staðið hefði á upplýsingum um væntanlega kaupendur, ef eftir hefði verið leitað á þeim tíma, sem máli skipti. Gat vanræksla hinna stefndu seljenda í þeim efnum og aðeins lengt þann frest, sem áfrýjandi hafði til ákvörðunar um, hvort hann vildi neyta forkaupsréttar síns. Að þessu athuguðu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms í máli þessu um sýknu stefndu Hönnu, Dagbjartar, Ólafs, Byggingarfélagsins Öss h/f, Jónínu, Þóreyjar, Kjartans og dánarbús Björns Gíslasonar svo og um sýknu stefndu Ásu, Laufeyjar og Magnúsar persónulega. Þá þykir mega staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. Þykir hæfilegt, að hann greiði 15.000.00 krónur óskipt til stefndu Ólafs, Jónínu, Þóreyjar, Kjartans, dánarbús Björns Gíslasonar og Byggingarfélagsins Öss h/f, en 2.000.00 krónur til hvers hinna stefndu Ásu, Magnúsar, Hönnu, Dagbjartar og Laufeyjar.

D ó m s o r ð:

Kröfum áfrýjanda, Hilmars Fr. Guðjónssonar, á hendur Ásu

Jóhannsdóttir, Laufeyju Arnalds og Magnúsi Eiríkssyni sem stjórn Rörsteypunnar h/f er vísað frá héraðsdómi.

Stefndu Ása Jóhannsdóttir, Dagbjört Halldórsdóttir, Hanna Guðmundsdóttir, Laufey Arnalds, Magnús Eiríksson, Ólafur Björnsson, Byggingarfélagið Ós h/f, dánarbú Björns Gíslasonar, Jónína Jónsdóttir, Kjartan Jónsson og Þórey Ólafsdóttir skulu sýkn vera af kröfum áfrýjanda, Hilmars Fr. Guðjónssonar í máli þessu.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefndu Ólafi Björnssyni, Byggingarfélaginu Ósi h/f, Jónínu Jónsdóttur, Þóreyju Ólafsdóttur, Kjartani Jónssyni og dánarbúi Björns Gíslasonar óskipt 15.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Þá greiði áfrýjandi stefndu Ásu Jóhannsdóttur, Magnúsi Eiríkssyni, Hönnu Guðmundsdóttur, Dagbjörtu Halldórsdóttur og Laufeyju Arnalds 2.000.00 krónur hverju um sig.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júní 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 13. maí sl., höfðaði Hilmar Fr. Guðjónsson, Kambsvegi 30, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. og 22. júní 1979, gegn Ásu Jóhannsdóttur, Geitlandi 8, Reykjavík, Magnúsi Eiríkssyni, sama stað, Hönnu Guðmundsdóttur, sama stað, Dagbjörtu Halldórsdóttur, Heiðarlundi 17, Garðakaupstað, Laufeyju Arnalds, Miklubraut 52, Reykjavík, Ólafi Björnssyni, Seljugerði 8, Reykjavík, persónulega og sem framkvæmdastjóra Byggingarfélagsins Óss h/f, Reykjavík, f. h. félagsins, Jónínu Jónsdóttur, Seljugerði 8, Reykjavík, Birni Gíslasyni, Rauðarárstíg 26, Reykjavík, Þóreyju Ólafsdóttur, sama stað, og Kjartani Jónssyni, Furu-gerði 11, Reykjavík. Þeim Ásu, Magnúsi og Laufeyju er stefnt persónulega og sem stjórn Rörsteypunnar h/f, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru:

Aðallega, að stefndu verði dæmd til þess að þola riftun á kaupsamningi um sölu á 82.727% hlutabréfa í Rörsteypunni h/f í Kópavogi, dagsettum 28. maí 1979, og stjórn félagsins verði dæmt skylt að bjóða stefnanda forkaupsrétt að hlutafjáreign hvers einstaks hluthafa.

Til vara, að stefndu verði dæmd til þess að þola riftun á ofangreindum kaupsamningi og viðurkenndur verði með dómi réttur stefnanda til þess að fá framseld til sín þau hlutabréf, er stefndu Dagbjört, Hanna og Laufey framseldu samkvæmt samningnum til Byggingarfélagsins Óss h/f, gegn greiðslu á kr. 41.563.290 með þeim greiðsluskilmálum, er í kaupsamningnum greinir.

Til þrautavara, að stefndu Dagbjört, Hanna, Laufey og Byggingarfélagið Ós h/f verði dæmd til þess að þola riftun á kaupsamningnum sínum, dagsettum 28. maí 1979, um hlutabréf í Rörsteypunni h/f í Kópavogi og viðurkenndur verði með dómi réttur stefnanda til þess að fá hlutabréfin framseld til sín gegn greiðslu á kr. 41.563.290 með þeim greiðsluskilmálum, er í kaupsamningunum greinir.

Til þrautþrautavara, að stefndu Ása, Dagbjört, Hanna, Magnús og Laufey, Byggingarfélagið Ós h/f, Jónína, Björn, Þórey og Kjartan verði dæmd til þess að þola riftun á samningum sín á milli um kaup á hlutabréfum skv. kaupsamningum, dagsettum 28. maí 1979, og stjórn félagsins gert skylt að bjóða stefnanda forkaupsrétt að sölu til hvers einstaks kaupanda.

Málskostnaðar er krafist, hvernig sem málið fer.

Stefndu Ása og Magnús krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur fullur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefndu Dagbjört, Laufey og Hanna krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Stefndu Ólafur, Jónína, Björn, Þórey, Kjartan og Byggingarfélagið Ós h/f krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur málskostnaður vegna reksturs málsins eftir framlögðum reikningi eða mati dómsins.

Stefndu fyrrverandi stjórn Rörsteypunnar h/f krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að verða tildæmdur málskostnaður.

Hinn 8. apríl sl. var kveðinn upp úrskurður á bæjarþinginu um, að málinu væri ekki vísað frá dómi.

II.

Samkvæmt skjölum málsins virðast málavextir vera þessir:

Hinn 5. desember 1962 undirrituðu í Kópavogi þau Sigurjón Guðmundsson, Ása Jóhannsdóttir, Hilmar Fr. Guðjónsson, Dagbjört Halldórsdóttir, Magnús Eiríksson og Hanna Óluf Guðmundsdóttir stofnsamning Rörsteypunnar h/f.

Í stofnsamningnum segir svo í 5. gr.: „Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Þó eiga hluthafar forgangsrétt að aukningarhlutum í félaginu í hlutfalli við hlutafjáreign sína.“ Í 7. gr. stofnsamningsins er svohljóðandi ákvæði: „Félagið á forkaupsrétt á fölum hlutabréfum fyrir allt að 10 prósent hlutafjárins, en því næst hluthafar í hlutfalli við hlutafjáreign sína Vilji fleiri en einn kaupa sama hlut eða hluti, ákveður stjórn félagsins, hver eða hverjir sitji fyrir um kaup og skiptingu hluta milli slíkra hluthafa. Til sölu og veðsetningar hlutabréfa þarf samþykki stjórnarinnar.“

Sama dag voru samþykktir fyrir félagið undirritaðar. Í 4. gr., 4. mgr., samþykktanna segir svo: „Nú óskar hluthafi að selja hlutabréf sitt og á þá félagið forkaupsrétt að því og öðrum fölum hlutabréfum fyrir upp í 10 prósent hlutafjárins, og meira, ef atvinnumálaráðherra samþykkir. Að félaginu frágengnu eiga hluthafarnir forkaupsréttinn í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Vilji þessir aðilar eigi neyta þessa forkaupsréttar, getur eigandi bréfs selt hverjum, sem hann óskar, en þó því aðeins, að stjórn félagsins samþykki sölu. Vilji fleiri en einn kaupa sama hlut eða hluti, ákveður stjórn félagsins, hver eða hverjir sitji fyrir um kaup og skiptingu hluta milli slíkra hluthafa. . .“

Á dskj. 5 er fundargerð aðalfundar Rörsteypunnar h/f 21. apríl 1979. Á fundinum voru stefnandi og stefndu Magnús, Dagbjört, Laufey og umboðsmenn stefndu Ásu og Hönnu. Á fundi þessum var lagt fram tilboð frá Ólafi Björnssyni o. fl. í öll hlutabréf Rörsteypunnar h/f, dskj. 13. Í tilboði þessu segir m. a., að tilboðið miðist við, að tilboðsgjafi fái keypt a. m. k. 75% af öllu hlutafé Rörsteypunnar h/f. Þar kvaðst stefnandi mundu neyta forkaupsréttar síns varðandi hluta hlutabréfanna. Síðar á aðalfundinum var samþykkt að gera Ólafi gagntilboð, þar sem heildarverð yrði hækkað um 25 milljónir, með fresti til 30. apríl.

Á dskj. 6 er fundargerð hluthafafundar í Rörsteypunni h/f 1. maí 1979. Þar lýsti lögmaður stefnanda því yfir, að stefnandi hefði afturkallað samþykki sitt 22. apríl og sú afstaða hans væri óbreytt. Stefnandi vildi neyta forkaupsréttar að hlutabréfum stefndu Laufeyjar, Hönnu og Dagbjartar. Umræður spunnust um það, hvort stefnandi hefði forkaupsrétt að hluta þeirra bréfa, sem tilboð hefði verið gert í. Lagt var til, að stefnanda yrði gefinn umhugsunartími, hvort hann vildi ganga að kaupum á hlutabréfum annarra hluthafa. Því var enn lýst yfir fyrir hönd stefnanda, að stefnandi vildi athuga málin betur og væri enn reiðubúinn að neyta forkaupsréttar að hlutum stefndu Laufeyjar, Hönnu og Dagbjartar. Því var lýst yfir fyrir hönd stjórnarinnar, að stjórninni væri ekki kunnugt um, að 34—35% af hlutafé félagsins væri til sölu. Allir hluthafar og umboðsmenn hluthafa að undanskildum stefnanda samþykktu, að sú afstaða væri rétt. Lögmaður stefnanda lýsti því yfir, að hann liti svo á, að samningur væri kominn á,

þar sem viljayfirlýsing væri komin frá báðum aðiljum um kaupin og væri því hugsanlegur umhugsunartími stefnanda um forkaupsrétt eftir því sem lög heimili. Því var lýst yfir, að kaupandi vildi kaupa hlutabréf annarra hluthafa en stefnanda og stefnandi fengi umhugsunarfreist til að neyta forkaupsréttar. Stefnandi óskaði eftir umhugsunarfresti til 15. maí til þess að gera nánari grein fyrir afstöðu sinni til að kaupa í einu lagi um það bil 83% hlutabréfa í Rörsteypunni h/f miðað við gagntilboðskjör frá 21. apríl, og var sá frestur samþykktur. Aðrir hluthafar ítrekuðu þá afstöðu sína, að afturköllun stefnanda á samþykki gagntilboðsins 21. apríl hefði ekki gildi.

Á dskj. 9 er bréf stefnanda, dags. 14. maí 1979, í bréfi þessu segir m. a.: „1. Hilmar telur sér ekki skylt að kaupa öll þau hlutabréf, sem þarna eru boðin fram. Hann telur, að á grundvelli forkaupsréttar síns, sem tryggtur er í stofnsamningi félagsins, geti hann gengið inn í sölu hlutabréfa einstakra hluthafa, sem bjóða fram bréf sín til sölu. Af þessum sökum lýsir Hilmar því yfir, að hann muni neyta forkaupsréttar síns á fölum hlutum í samræmi við yfirlýsingu þá, er bókuð var í fundargerð þann 1. maí 1979. Krafa annarra hluthafa um, að hann kaupir öll bréfin á gagntilboðskjörum, er því ekki tekin til greina, enda er raunverulega með því verið að ganga fram hjá forkaupsréttarákvæðum stofnsamningsins.

2. Þar sem Hilmar er ljóst, að þessi afstaða hans er ekki í samræmi við þá skoðun, er meiri hluti hluthafa hefur sett fram, vill hann gera með-hluthöfum sínum eftirfarandi tilboð í hluti þeirra:

Verð miðað við 100% kr. 127.000.000.-

A.

1.	við samningsgerð greiðist	kr.	5.000.000.00	
2.	hinn 1.7. 1979 greiðist	—	3.000.000.00	
3.	hinn 1.9. 1979 greiðist	—	3.000.000.00	
4.	hinn 1.11. 1979 greiðist	—	4.000.000.00	
5.	hinn 31.12. 1979 greiðist	—	28.000.000.00	43.000.000.00
6.	á 4 árum með gjalddaga 15.1 ár hvert fyrst 15. 1. 1981 og hæstu lögleyfðu fasteignalánavöxtum (nú 26% á ári). Af upphæðinni greiðast 15.1. 1980 vextir, sem nema hálfum ársvöxtum			42.000.000.00

B.

Með veðskuldabréfi til 10 ára með 16% árs-vöxtum frá 1.6. 1979 og gjalddaga 1.6. ár hvert, fyrst 1.6. 1980	42.000.000.00
--	---------------

Samtals kr. 127.000.000.00“

Á dskj. 7 er fundargerð hluthafafundar í Rörsteypunni h/f 16. maí 1979. Á fundi þessum var lagt fram bréfið á dskj. 9. Eigendur og umboðsmenn eigenda hlutabréfanna höfðu tilboði stefnanda um sölu hlutabréfanna á þeim kjörum, sem boðin voru. Lagt var fram uppkast að samningi stefnda Ólafs Björnssonar og fleiri við 82.727% hluthafa í Rörsteypunni h/f, það er alla aðra hluthafa en stefnanda. Lögmaður stefnanda lagði fram til bókunar: „Þar sem Tómas Gunnarsson, hdl., hefur lagt fram drög að samningi um kaup Ólafs Björnssonar o. fl. á hlutum Ásu, Dagbjartar, Magnúsar, Hönnu og Laufeyjar í Rörsteypunni h/f, lýsir Hilmar Guðjónsson því yfir, að hann muni neyta forkaupsréttar síns á hlutum Dagbjartar, Hönnu og Laufeyjar, ef gengið verður að þessum kaupsamningi og þá með þeim greiðslukjörum, er samningsuppkastið inniheldur.“ Lögmaður stefnda Ólafs Björnssonar o. fl. lagði fram til bókunar: „Fyrir hönd Ólafs Björnssonar og fleiri hugsanlegra kaupenda skora ég á Hilmar Guðjónsson og lögmann hans að gera sem ítarlegasta og skriflega grein fyrir þeim sjónarmiðum og lagarökum, sem þeir telja, að styðji þá afstöðu Hilmars, að gengið hafi verið fram hjá forkaupsrétti honum til handa vegna mögulegra kaupa Ólafs Björnssonar og fleiri, jafnframt er beint þeirri fyrirspurn til umboðsmanna Dagbjartar, Hönnu og Laufeyjar, hvort þeirra hlutir séu til sölu einir sér.“ Umboðsmenn Dagbjartar, Hönnu og Laufeyjar svöruðu því neitandi, að hlutir þeirra væru til sölu einir sér.

Með samningi, dags. 28. maí 1979, dskj. 10, seldu eigendur 82.727% hlutabréfa í Rörsteypunni h/f, þ. e. stefndi Ása, eigandi 28.182%, stefndi Dagbjört, eigandi 17.272%, stefndi Magnús, eigandi 21.818%, stefndi Hanna, eigandi 6.364%, og stefndi Laufey, eigandi 9.091%, stefnda Byggingarfélaginu Ós h/f 77.727% hlutabréfa, stefnda Ólafi 1.000%, stefnda Jónínu 1.000%, stefnda Birni 1.000%, stefnda Þóreyju 1.000% og stefnda Kjartani 1.000% hlutabréfa í Rörsteypunni h/f.

Í samningnum kemur fram, að seljendur hafi haft eindregna afstöðu til þess að selja hlutabréf sín öll í einu með sömu kjörum og kaupendur lýsa yfir, að ekki hafi verið áhugi á kaupum á hlutabréfum í Rörsteypunni h/f, nema um væri að ræða kaup á a. m. k. 75% hlutabréfa í félaginu. Í samningi þessum er svohljóðandi ákvæði um verð og greiðslukjör:

„3. Verð allra hinna seldu bréfa er sem hér og áður

segir kr. 105.063.290.-

eitthundraðogfimmilljónirsextiúogþrjúþús-

undtvö hundruð og níutíu krónur, sem skal

greiða sem hér segir:

A. Við undirskrift samnings þessa — 24.818.100.-

- B. Með afhendingu víxla pr. 20. júní 1979, sem samþykktir eru af Ós h.f., útgefnir af Ólafi Björnssyni kaupanda og ábektir af Jóni Kjartanssyni, Háteigsvegi 44, Rvík., og Gísli Björnssyni, Fífuseli 9, Rvík. kr. 12.409.050.-
- C. Með afhendingu víxla pr. 20. ágúst 1979, sem samþykktir eru af Ós h.f., útgefnir af Ólafi Björnssyni og ábektir af Birni Gíslasyni, Rauðarárstíg 26, Rvík., og Tómasi Jónssyni, Kambsvegi 15, Rvík. — 12.409.050.-
- D. Með afhendingu víxla pr. 20. okt. 1979, sem samþykktir eru af Ós hf., útgefnir af Ólafi Björnssyni og ábektir af Kjartani Jónssyni kaupanda og Einari Þór Vilhjálmssyni, Rauðagerði 56, Rvík. — 12.409.050.-
- E. Með afhendingu víxla pr. 20. des. 1979, sem samþykktir eru af Ós hf., útgefnir af Ólafi Björnssyni og ábektir af Jóninu Jónsdóttur kaupanda og Sigurði Björnssyni, Torfufelli 1, Rvík. — 8.272.700.-
- F. Með afhendingu skuldabréfa, útgefinna af Ólafi Björnssyni kaupanda, sem tryggt skulu með veði í allri húseign Ólafs að Seljugerði 8, Rvík., brunamatsfjárhæð nú kr. 76.870.000.- næst á eftir lánum, sem nú hvíla á eigninni eða jafnan mega hvíla á eigninni á undan að fjárhæð alls að eftirstöðvum kr.22.000.000.- eða að hluta tryggt með 1. veðrétti í 90 fermetra kjallaraíbúðarhúsnæði að Flúðaseli 63, Rvík., brunabótamatsfjárhæð u. þ. b. kr. 11.900.000.-. Skulu u. þ. b. kr. 8.500.000.- skuldabréfanna tryggt með veði í Flúðaselsíbúðarhúsnæði og heildarveðtryggingu samhliða á sömu veðréttum þessara eigna beggja má vera alls kr. 42.000.000.-. Hin afhentu skuldabréf skulu öll greiddast með jöfnun afborgunum 1. maí árin 1980 til og með 1989. Skuldabréfin skulu bera 16% ársvexti frá 1. maí 1979. Heildarfjárhæð bréfa samkv. samningi þessum er — 34.745.340.-

Samtals kr. 105.063.290.-“

Jafnframt kemur fram í samningnum, að allir víxlar og skuldabréf samkvæmt liðum B til F skuli hlutaðir niður í samræmi við hlutföll seljenda í samningi þessum.

Með ábyrgðarbréfi, dags. 1. júní 1979, dskj. 19, var stefnandi boðaður til hluthafafundar í Rörsteypunni h/f 8. júní 1979. Í bréfi þessu kemur fram, að á fundinn eru fyrri hluthafar svo og allir nýir hluthafar boðaðir og jafnframt tekið fram, að við samning, dags. 28. maí 1979, hafi orðið eigendaskipti að 82.727% hlutafjár í Rörsteypunni h/f. Þessi eigendaskipti að hlutafé valdi því, að núverandi stjórnarmenn félagsins séu ekki lengur hluthafar í því, sem ekki sé í samræmi við ákvæði 32. gr. laga um hlutafélög nr. 77/1921 svo og 19. gr. samþykktu félagsins. Samkvæmt bréfi þessu er fundarefni kosning nýrrar stjórnar í Rörsteypunni h/f.

Á dskj. 8 er fundargerð, dags. 8. júní 1979. Á fundinum sagði fráfarandi stjórn, sem skipuð var stefndu Ásu, Magnúsi og Laufeyju, af sér, og í nýja stjórn voru kosin stefndu Ólafur, Jónína og Björn. Í fundargerð þessari segir m. a., að eignaraðild í félaginu sé sem hér segir:

„Byggingafélagið Ós h.f.....	kr.	98.713.636
Ólafur Björnsson.....	—	1.270.000
Jónína Jónsdóttir.....	—	1.270.000
Björn Gíslason.....	—	1.270.000
Pórey Ólafsdóttir.....	—	1.270.000
Kjartan Jónsson.....	—	1.270.000
Hilmar Guðjónsson.....	—	21.936.364
	Kr.	127.000.000“

Á dskj. 21 er bréf til stefnanda, dags. 5. júní 1979. Í bréfi þessu kemur fram, að stefndi Ólafur Björnsson og fleiri gera stefnanda með vísun til kaupa á 82.727% hlutabréfa í Rörsteypunni h/f, sbr. samning 28. maí 1979, boð um að kaupa öll hlutabréf stefnanda í Rörsteypunni h/f með sambærilegum kjörum við þau, sem stefndi Ólafur og félagar hans keyptu af öðrum hluthöfum. Tilboð þetta stóð til 19. júní 1979.

Með bréfi, dags. 13. júní 1979, dskj. 22, hafnaði stefnandi tilboði þessu og itrekaði fyrri yfirlýsingar sínar um ógildi orðinna eða fyrirhugaðra framsala á hlutabréfum Rörsteypunnar h/f, þar sem hann telur, að gengið hafi verið fram hjá forkaupsrétti sínum. Enn fremur er tekið fram, að stefnandi muni höfða mál til riftunar framsalinu innan tíðar

Á dskj. 27 er bréf frá bæjarfógetaembættinu í Kópavogi, dags. 3. mars 1980. Í bréfi þessu kemur fram, að tilkynning varðandi nýja stjórn og prókúruhafa Rörsteypunnar h/f, Kópavogi, hafi borist embættinu síðari hluta júnímánaðar 1979. Kvittun fyrir skráningu á breytingu þessari sé dagsett

27. júní 1979. Tilkynning um þetta efni hafi birst í 68. tölublaði Lögbirtingablaðs 24. ágúst 1979. Enn fremur er tekið fram, að líklegt sé, að upplýsingar hafi verið á þann veg, að nöfn fyrri stjórnenda hafi verið gefin upp til og með 26. júní 1979, ef spurst hefði verið fyrir um stjórn fyrirtækisins á þeim tíma.

Með bréfi, dags. 5. mars 1980, dskj. 28, gerði stefnandi stefnda Ólafi Björnssyni o. fl. sölutilboð varðandi öll hlutabréf stefnanda í Rörsteypunni h/f. Um muni vera að ræða hlutabréf að nafnverði kr. 21.936.710, og var stefnandi reiðubúinn að selja bréfin fyrir kr. 90.000.000. Um greiðslukjör og tryggingar yrði að semja sérstaklega, en í því sambandi mætti hafa hliðsjón af samningum um hlutabréf í sama fyrirtæki, sem gerðir voru sl., vor.

Með bréfi, dags. 6. mars 1980, dskj. 29, var þessu sölutilboði stefnanda hafnað.

Fram kom hjá stefnanda við yfirheyrslu hér fyrir dómi, að hann minntist þess ekki að hafa spurt um það á fundinum 21. apríl 1979, hverjir væru tilboðsgjafar með stefnda Ólafi Björnssyni, en á þeim fundi var lagt fram tilboð frá Ólafi Björnssyni o. fl. Ekki hafi verið rætt um það á fundinum, hverjir þessir fleiri væru. Stefnandi minnti, að uppkastið á dskj. 18 hafi verið lagt fram á fundinum 16. maí 1979. Athygli stefnanda var vakin á því, að í uppkasti þessu séu taldir allir þeir, sem keyptu hlutabréf með samningnum 28. maí 1979. Stefnandi kvaðst þá bara ekki hafa kynnt sér það nógu vel, en hann hafi talið víst, að það mundi koma fram fyrir en seinna, hverjir mundu kaupa.

Stefnandi kvaðst hafa fengið fundarboðið á dskj. 19 á þriðjudegi fremur en miðvikudegi eftir hvítasunnu.

Stefndi Ólafur Björnsson bar hér fyrir dómi, að aldrei hafi staðið til, að hann gerði einn tilboð í hlutabréf Rörsteypunnar h/f. Hann kvaðst vera prókúruhafi og framkvæmdastjóri fyrir Byggingarfélagið Ós og aldrei hafi staðið annað til en að byggingarfélagið og hluthafar þess stæðu að kaupunum. Stefnandi Ólafur kvaðst líta svo á, að alltaf hafi verið vitað, að Byggingarfélagið Ós væri aðili að kaupunum.

III.

Aðalkrafa stefnanda er á því byggð, að í 7. gr. stofnsamnings Rörsteypunnar h/f, dskj. 3, séu ákvæði um forkaupsrétt hluthafa að fölum hlutum. Þetta atriði sé síðan skýrt nánar í 4. gr. samþykktu félagsins, dskj. 4. Tilgangur þessara greina sé sá að skapa hluthafa rétt umfram aðilja utan félagsins. Á grundvelli þessara greina telur stefnandi, að hann geti beitt forkaupsrétti sínum gagnvart sölu hvers einstaks hluthafa, enda séu þá öll framboðin hlutabréf þess aðilja keypt. Samningurinn á dskj. 10 sé í eðli

sínu margir kaupsamningar, þar sem 5 sjálfstæðar persónur selja hver sína afmörkuðu eignarheild á ákveðnum kjörum. Það er krafa stefnanda, að honum verði á lögmætan hátt gefinn kostur á því að neyta forkaupsréttar síns með því, að honum verði boðinn forkaupsréttur á hverri einstakri sölu.

Varakrafa stefnanda er byggð á því, að hann hafi þegar á lögmætan hátt lýst yfir vilja sínum til þess að kaupa hlut stefndu Dagbjartar, Hönnu og Laufeyjar og sé því samningurinn á dskj. 10 ólögsmætur í heild sinni, þar sem hann fari í bága við rétt stefnanda vegna forkaupsréttar hans. Hins vegar hafi með samningnum skapast skilyrði þess, að stefnandi geti krafist framsals á hlutum stefndu Dagbjartar, Hönnu og Laufeyjar gegn greiðslu á kr. 41.563.290 með þeim kjörum, er samningurinn greinir.

Þrautavarakrafa stefnanda er á því byggð, að samningar þeir, sem stefndu Dagbjört, Hanna og Laufey gerðu við stefnda Ós h/f, séu ólögsmætir, þar sem stefnandi hafi neytt forkaupsréttar síns gagnvart þessum samningum, og eigi hann því rétt á að fá til sín framselda hluti viðkomandi seljenda gegn greiðslu á kr. 41.563.290 með þeim greiðslukjörum, er í samningnum greinir.

Jafnvel þótt ekki yrði fallist á neina framangreindra krafna stefnanda, telur hann sig eiga rétt á því að taka að nýju afstöðu til þess, hvort hann vilji neyta forkaupsréttar síns, þegar nýir kaupendur að fölum hlutum koma í ljós. Ljóst megir vera, að einstakan hluthafa í hlutafélagi skipti það verulegu máli, hverjir eru samhluthafar hans, og forkaupsréttarákvæðin hafi meðal annars þann tilgang að vernda hluthafa fyrir því, að inn í félagið komi aðiljar, sem hluthafinn hefur ekki áhuga á að stunda rekstur með. Stefnanda hafi einungis verið gefinn kostur á því að taka afstöðu til þess, hvort hann vildi ganga inn í samning við Ólaf Björnsson, sem stefnt sé í máli þessu. Hins vegar hafi kaupendurnir stefndu Ós h/f, Jónína, Þórey, Björn og Kjartan ekki verið nefnd. Telur stefnandi af framangreindum sökum, að sala til nefndra kaupenda sé því ólögsmæt, og krefst þess til þrautaþrautavara, að samningum þessum verði rift og lagt fyrir stjórnina að bjóða stefnanda forkaupsrétt að sölu til hvers einstaks kaupanda.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að umboð núverandi stjórnar Rörsteypunnar h/f byggðist á ógildu framsali á hlutabréfum. Samkvæmt skráningu hafi fyrrverandi stjórn enn verið við lýði, þegar stefna var birt.

Aðalatriði málsins sé inntak forkaupsréttar skv. stofnsamningi og samþykktum félagsins, en hann veiti stefnanda rétt til þess að kaupa alla hluti hvers einstaks hluthafa, sem ætlar að selja, og þennan rétt sé ekki hægt að eyðileggja með því, að hluthafar hópi sig saman við sölu.

Af hálfu stefnanda var því ekki haldið fram, að tilboð stefnanda á dskj. 9 væri jafnhagkvæmt og tilboð kaupenda.

Af hálfu stefndu Ólafs Björnssonar, Jónínu Jónsdóttur, Björns Gíslasonar, Þóreyjar Ólafsdóttur, Kjartans Jónssonar og Byggingarfélagsins Öss h/f eru kröfur rökstuddar með því, að stefnandi sé gangvart fyrrverandi eigendum hlutabréfa í Rörsteypunni h/f og gagnvart stefnda Ólafi skuldbundinn við yfirlýsingu sína á hluthafafundin 21. apríl 1979 um að selja hlutabréf sín með gagntilboðskjörum, sem séu sömu kjör og í diskj. 10 um öll atriði, sem máli skipta. Með vísun til þess sé óréttmætt af honum að krefjast riftunar á samningi, sem sé til efnda á sameiginlegum yfirlýsingum allra hluthafa 21. apríl 1979. Hefði yfirlýsing frá 21. apríl 1979 verið efnd samkvæmt hljóðan sinni, hefði að sjálfsögðu ekki komið til álita um forkaupsrétt eða kröfur tengdar honum. Í málinu sé einkum deilt um innihald forkaupsréttar, er af þessum stefndu sé talið, að stefnanda hafi verið boðinn forkaupsréttur að fölum hlutum í Rörsteypunni h/f á alveg fullgildan hátt. Sé einnig talið af kaupendum hlutabréfa í Rörsteypunni h/f viðurkennt af stefnanda, að ekki sé deilt um fresttíma eða önnur atriði í sambandi við forkaupsréttinn en þau, hvort skylt sé að bjóða stefnanda hluta af boði kaupenda í þessu tilviki, þ. e. hluti stefndu Dagbjartar, Hönnu og Laufeyjar, eða um 35% hlutabréfa í félaginu, en stefnandi þurfi ekki að taka neitt tillit til annarra hluthafa.

Af hálfu þessara stefndu er ekki talið, að annað felist í forkaupsrétti en að forkaupsréttarhafi megi ætíð við kaup hlutabréfa eða ráðgerð kaup ganga inn í kaupin með þeim kjörum, sem um sé að ræða hverju sinni. Það hafi verið stefnanda alveg mögulegt, a. m. k. til 16. maí 1979, og megi raunar telja líklegt, ef stefnandi hefði lýst vilja sínum að ganga inn í kaupin fyrir 28. maí 1979, að á það hefði verið fallist. Sé rétt að áréttu nú, að í skjölum málsins krefjist stefnandi hvergi að ganga inn í kaupin í heild sinni. Meginatriði í kröfum og varakröfum sé riftun samningsins frá 28. maí 1979 í heild eða að hluta og viðurkenning á rétti stefnanda til að fá boð um að kaupa hluti einstakra hluthafa, þ. e. Dagbjartar, Hönnu og Laufeyjar, gegn greiðslu til þeirra. Þessar kröfur stefnanda eigi ekkert skylt við forkaupsrétt, því ekki sé kunnugt um nokkurn aðilja, sem hafi boðist til að kaupa þessa tilgreindu hluti eða aðra einstaka hluti í Rörsteypunni h/f með þeim kjörum, sem stefnandi krefjist að fá þá með. Hér sé um að ræða kaupréttarkröfur, sem eigi enga stoð í landslögum eða reglum Rörsteypunnar h/f. Sé raunar ótvírætt tekið fram í 6. gr. stofnsamnings félagsins, að ekki hvíli lausnarskylda á hlutum í félaginu.

Ef reglur stefnanda yrðu taldar gilda á Íslandi, hefði það í för með sér, að staða meiri hluta í hlutafélögum gæti orðið mjög slæm. Ef einn aðili ætti 49% í félagi og nokkrir aðrir aðiljar 51%, þar af einn hluthafi með rúmlega 1%, væri mögulegt, að meirihlutaaðiljarnir gætu ekki selt sína hluti, þótt góð boð kæmu í meiri hlutann í heild. Aðilinn, sem ætti 49%,

gæti alltaf sagt, að hann vildi kaupa hlut þess aðilja, sem ætti rúmlega 1%, á tilboðsverði, en hann vildi ekkert greiða fyrir hina hlutina. Megi ljóst vera, að slíkar reglur gildi ekki.

Af hálfu þessara stefndu er bent á formgalla á málalíbúnaði stefnanda, sem taldir eru varða frávisun málsins ex officio. Að því er varðar aðalkröfu er bent á:

A. Krafist sé riftunar alls samningsins á dskj. 10 og sé sú krafa byggð á meintum forkaupsrétti stefnanda og sé ekki kunnugt um önnur atriði, sem kynnu að geta valdið ógildi samningsins. Af kaupendum sé talið, að forkaupsréttaraðili, sem telji, að fram hjá rétti sínum hafi verið gengið, eigi aðeins mögulegan rétt að ganga inn í kaupin að því marki sem hann taki á sig eða bjóðist til að taka skuldbindingar kaupanda eða ráðgerðs kaupanda. Í þessu máli sé gerð krafa um ógildi samnings milli tveggja af þriðja aðilja, sem standi utan samningsins, en hvergi sé í kröfugerð stefnanda í málinu nokkrar skuldbindingar um að ganga inn í kaupin að hluta eða í heild og stefnandi hafi ekki heldur fylgt eftir hinum meinta rétti sínum og kröfum með því að greiða eða deponera greiðslum fyrir þeim kröfum, sem t. d. stefndu Dagbjört, Hanna og Laufey eigi á hendur kaupendum hlutabréfa þeirra. Alvarlegt misræmi sé í þeirri afstöðu stefnanda að krefjast bæði í aðalkröfu og varakröfum riftunar alls samnings á dskj. 10, en hafa áður neitað að nota forkaupsrétt sinn að öllum samningnum. Krafa meints forkaupsréttarðilja um riftun samnings umfram þann hluta, sem hann vilji sjálfur nota sér, standist ekki.

B. Stefnt hafi verið í máli þessu 20. júní 1979 eða síðar fyrrverandi stjórn Rörsteypunnar h/f, sem látið hafi að störfum 8. júní 1979, þrátt fyrir að stefnanda hafi mátt vera fullljóst, m. a. af dskj. 8 og 18, að ný stjórn hefði tekið við 8. júní 1979. Ný stjórn Rörsteypunnar h/f hafi verið tilkynnt til firmaskrár Kópavogs 20. júní 1979. Fyrrverandi stjórn Rörsteypunnar h/f geti ekki með nokkru móti komið fram fyrir félagið og efnt þær dómkröfur, sem gerðar séu til stjórnar Rörsteypunnar h/f.

C. Krafa stefnanda um, að stjórn Rörsteypunnar h/f bjóði forkaupsrétt að einstökum hlutum í dskj. 10 sé óréttmæt. Stjórn hlutafélags geti ekki komið á framfæri öðrum boðum en þeim, sem fyrir liggja, og ekki megi breyta boðum.

Að því er varakröfur varðar virðist a. m. k. að hluta sömu annmarkar á þeim og vikið er að í A um aðalkröfur. Einnig er á það bent, að í þrautabraitavarakröfu sé stefndi Ólafur ekki látinn fylgja öðrum kaupendum.

Þeirri röksemd stefnanda, að hann hafi ekki fengið að vita um meðkaupendur stefnda Ólafs að hlutum í Rörsteypunni h/f, er mótmælt sem óréttmætri og of seint fram kominni. Ljóst sé af dskj. 12 (mun eiga að vera dskj. 13), sem afhent hafi verið umboðsmanni hluthafa 11. apríl 1979, að

stefndi Ólafur yrði ekki einn kaupandi hlutabréfa, og komi það einnig fram á dskj. 5, fundargerð aðalfundar Rörsteypunnar h/f 21. apríl 1979, sem stefnandi hafi verið á.

Á hluthafafundi Rörsteypunnar h/f 1. maí 1979 hafi tilboðsmál verið mikið rædd og glögglega hafi komið fram, að Byggingarfélagið Ós h/f, sem stefndi Ólafur sé aðaleigandi að og forsvarsmaður fyrir, yrði, ef til kæmi, aðalkaupandi. Engar fyrirspurnir hafi komið fram um þetta atriði á þessum fundi og ekki heldur fyrir ritun bréfs á dskj. 9. Á hluthafafundi í Rörsteypunni h/f 16. maí 1979 hafi verið lagt fram uppkast að dskj. 10. þ. e. dskj. 18. Á því skjali komi glögglega fram upplýsingar um ráðgerða kaupendur hlutabréfa og á þeim fundi hafi verið sérstaklega skorað á stefnanda og lögmann hans að lýsa sjónarmiðum og lagarökum, sem styddu, að gengið væri fram hjá forkaupsrétti stefnanda, sbr. dskj. 7. Þessari áskorun hafi í engu verið sinnt og aldrei óskað nánari upplýsinga. Af hálfu kaupenda sé talið, að það geti mögulega skipt hluthafa nokkru, hver kaupir hlut í hlutafélagi, þótt ekki sé kunnugt um sérstakar ástæður fyrir neikvæðum atriðum að mati stefnanda um kaupendur hlutabréfa í Rörsteypunni h/f eða hvort um þau sé yfirhöfuð að ræða. Hins vegar er því haldið fram, að það sé í alla staði löglegt forkaupsréttarboð, ef fyrir liggja nákvæmar upplýsingar um verð og greiðsluskilmála, og þess muni dæmi, að eigendur hlutabréfa fái heimildir til þess að selja þau með ákveðnum kjörum eða betri, án þess að mögulegur kaupandi sé til staðar eða vitað sé um hann, þegar fallið er frá forkaupsrétti. Af hálfu kaupenda er litið svo á, að sú afstaða hafi mótað viðhorf manna við fyrstu boð og gagnboð um hlutabréfin.

Stefnandi hafi ekki gert kröfur um nýjan forkaupsréttarfest sér til handa að því er varðar kaupin öll í dskj. 10, en margoft hafi komið fram, m. a. í dskj. 10 og 17, að ekki væri áhugi á kaupum, nema um 75% hlutabréfa í Rörsteypunni h/f væri að ræða.

Af hálfu stefndu Dagbjartar Halldórsdóttur, Laufeyjar Arnalds og Hönnu Guðmundsdóttur er því haldið fram, að kröfugerð stefnanda, sem sé fjórþætt, ef litið sé fram hjá málkostnaðarkröfu hans, sé þannig, að hver kröfuliður um sig sé ákaflega óljós og ómarkviss og vandséð, með hvaða hætti dómur verði þar á lagður.

Sé litið til aðalkröfu stefnanda sjáist, að þar sé krafist dóms á hendur aðilja, sem ekki hafi verið stefnt formlega til varna í málinu. Í kröfunni felist það, að stjórn Rörsteypunnar h/f verði dæmd til þess að bjóða stefnanda forkaupsrétt að öllum þeim hlutabréfum, sem seld hafi verið með samningnum 28. maí 1979. Með því að rétttri stjórn hafi ekki verið stefnt, sé hún ekki aðili máls þessa og því óbundin af niðurstöðu efnisdóms í málinu.

Fjórði kröfuliður stefnanda (þrautþrautavarakrafa hans) sé efnislega samhljóða aðalkröfu og sömu aðiljum stefnt að undanskildum Ólafi Björnssyni. Hljóti hún því sömu örlög og aðalkrafan.

Vara- og þrautavarakrafa stefnanda séu svo óljósar, að vart verði dómur á þær lagður.

Ekki verði séð á kröfunum, hverjir skuli fá greiðsluna, sem fram er boðin, né heldur hver framselja eigi hlutabréf þau til stefnanda, sem seld voru með samningnum frá 28. maí 1979. Þessir stefndu hafi þegar afhent og framselt hlutabréf sín og eigi þess því engan kost að uppfylla kröfur stefnanda. Ekki verði heldur séð, hvort greiðsluboð stefnanda feli í sér vexti og því síður vaxtafót eða frá hvaða tíma vextir miðist.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, virðist málatilbúnaður stefnanda með þeim hætti, að vísa beri málinu frá ex officio. Þessir stefndu gera ekki sjálfstæða frávisunarkröfu, en fara þess á leit við dómara málsins, að hann athugi vandlega þessa hlið málsins, svo ekki þurfi til heimvísunar að koma, ef málinu verður síðar skotið til Hæstaréttar.

Eina álitafnið, sem málið fjalli um og leysa þurfi úr, sé eðli og inntak forkaupsréttar 4. gr. samþykktar Rörsteypunnar h/f.

Samningsbundinn forkaupsréttur sé ekki fremur en annað, sem flokkast undir svonefnd lögvisindi, óhagganlegt og varanlegt fyrirbrigði, sem ávallt lúti sömu lögmálum óháð aðstæðum. Verði því að skýra samningsbundinn forkaupsrétt í réttu og eðlilegu samhengi við þau lögskipti, sem honum sé ætlað að taka til. Það sé megininntak forkaupsréttar, að sá, sem hann beinist gegn, skuli vera jafnsettur fjárhagslega, hvort sem forkaupsréttarhafi beitir rétti sínum eða ekki. Rétturinn veiti einungis heimild til þess að ganga inn í fyrirliggjandi samþykkt kauptilboð án réttar til ihlutunar og áhrifa á verð og/eða greiðslukjör. Í þessu ljósi beri að virða forkaupsréttarákvæði 4. gr. dskj. 4, sbr. 7. gr. dskj. 3. Við skýringu forkaupsréttarákvæðisins verði einnig að líta til tilgangs þess og hverra hagsmuna því var ætlað að þjóna. Ljóst sé, að því hafi verið ætlað að þjóna stofnendum félagsins, og því fráleitt að ætla, að þeir hafi með því verið að binda sér fjárhagslegan bagga eða stuðla að mismunun hluthafa í milli, heldur þvert á móti að auka jafnræði með hluthöfum, ef einhver einn vildi selja. Það hafi sýnilega vakað fyrir stofnendum að tryggja sem minnsta röskun á eignarhlutföllum hluthafa við sölu á hverjum einstökum hlut og enn fremur að veita þeim ákveðin áhrif til ihlutunar um það, hverjir eignuðust hluti í félaginu. Orðalag ákvæðisins í 4. gr. samþykktar félagsins bendi og til sömu áttar. Þar segir: „Nú vill hluthafi selja hlutabréf sitt o. s. frv.“ Hér sé einungis átt við það, ef einn einstakur hluthafi vilji selja hlutabréf sín í félaginu. Öll ákvæði, sem skerði rétt einstaklinga um meðferð eigna sinna, beri að skýra þröngt. Eigi það ekki sist við um takmarkanir á framsalsrétti hlutabréfa,

sem í eðli sínu séu viðskiptabréf, til þess ætluð að ganga kaupum og sölum manna í milli.

Athygli er á því vakin, að stofnendur félagsins séu einungis sex.

Ef umrætt forkaupsréttarákvæði ætti að skýra svo sem stefnandi haldi fram, mundi það fara í bága við 2. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög.

Kröfur stefnanda séu ýmist á þá leið að fá viðurkenndan forkaupsrétt að einhverjum þeim hlutum, sem seldir voru með samningnum 28. maí 1979, en til vara forkaupsrétt að öllum hlutabréfum stefndu Dagbjartar, Laufeyjar og Hönnu, sem svarar til 32.72% hluta í félaginu. Tilboð það, sem lá til grundvallar samningnum 28. maí 1979, og samningurinn sjálfur beri það með sér, að það skilyrði hafi verið sett fram af kaupanda hálfu, a. m. k. 75% hlutabréfanna fengjust keypt. Þetta hafi verið alger ákvörðunarástæða fyrir kaupnum, enda eðlileg krafa, sé litið til 1. mgr. 17. gr. félagslaga.

Ef forkaupsréttur stefnanda verði viðurkenndur, feli það í sér verulega mismunun milli hluthafa. Kaupsamningnum frá 28. maí yrði rift af kaupendum og kaupin gengju til baka. Reyndar hafi stefnandi einnig gert kröfu til riftunar samningsins frá 28. maí. Í þessu felist það, að stefnandi gæti valið um kaup á hverjum hlut fyrir sig, ef aðalkrafa hans yrði tekin til greina, en ella ætti hann rétt á kaupum á hlut þessara stefndu. Þeir, sem eftir sætu sem hluthafar, yrðu í minni hluta, því að stefnandi stefni að því að öðlast meirihlutaaðstöðu í félaginu og mundi verða gersamlega fyrimunað að selja hluti sína í þeirri aðstöðu. Þetta yrði þeim mun þungbærara þeim, sem í lentu, fyrir það, að samstarfið við stefnanda hafi verið mjög stírt, svo ekki sé of djúpt í árina tekið. Mætti jafna þessu við eignarupptöku fyrir þá, sem þetta henti.

Stefndu telja, að lagaskilyrðum hafi verið fullnægt gagnvart stefnanda með því að bjóða honum að ganga inn í það tilboð og gagntilboð, sem borist höfðu um kaup á hlutabréfum félagsins, sbr. 2. málslíð 19. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög. Lög þessi taki að vísu ekki gildi fyrr en eftir áramótin 1978/1979 og verði því ekki beitt sem slíkum í þessu máli. Hins vegar sé ívitnuð lagaregla ekkert nýmæli, heldur bein lögfesting á þeim reglum, sem gilt hafi á þessu réttarsviði, einkum að því er varðar skýringu á eðli forkaupsréttar. Hæstiréttur hafi beitt reglu svipaðs eðlis í máli, sem finna megi í dómabindi réttarins frá árinu 1952, bls. 114.

Þegar ljóst hafi orðið á hluthafafundi 16. maí 1979, að stefnandi hygðist ekki ganga inn í samþykkt gagntilboð, heldur neyta forkaupsréttar gagnvart stefndu Dagbjörtu, Hönnu og Laufeyju, hafi verið ákveðið að ganga til samninga við tilboðsgjafa á þeirri forsendu, að stefnandi hefði í fyrsta lagi fyrirgert beinum forkaupsrétti með samþykki gagntilboðsins, eins og áður

segir, en jafnvel þótt svo yrði talið, að forkaupsréttur stefnanda væri fyrir hendi, þá fæli sá réttur það einungis í sér að ganga inn í fyrirbyggjandi samþykkt kauptilboð óbreytt. Þessir stefndu hafi einnig haft ástæðu til að ætla, að stefnanda væri ekki full alvara með hótun sinni um málssókn, þar sem hann hafi hvorki boðið fram greiðslu né deponerað né heldur lagst gegn útgáfu jöfnunarhlutabréfa, en útgáfa jöfnunarhlutabréfa hafi verið alger forsenda fyrir sölu hlutabréfanna.

Vakin er athygli á því, að seljendur hafi ráðið yfir nægilegu hlutafé til þess að breyta samþykktum félagsins, m. a. forkaupsréttarákvæði þeirra, og miklir hagsmunir í húfi fyrir þá alla, að salan næði fram að ganga.

Af hálfu stefndu Ásu Jóhannsdóttur og Magnúsar Eiríkssonar persónulega er tekið undir athugasemdir í greinargerðum meðstefndu um formgalla á málinu, sem valda kunni frávisun ex officio, og þá einkum það, að þessum stefndu er einnig stefnt í máli þessu sem stjórnarmönnum í Rörsteypunni h/f þrátt fyrir vitneskju stefnanda um nýja stjórn í félaginu, sbr. rskj. 8 og 18.

Stefnanda hafi frá upphafi verið ljóst, að fyrir lá tilboð um kaup á öllum eða a. m. k. 75% hlutabréfa Rörsteypunnar h/f, sjá dskj. 12 og 13, enda hafi stefnandi tekið þátt í gerð gagntilboðs um sölu á 100% hlutabréfa, sjá dskj. 5, og hafi honum því mátt vera ljóst, að ekki voru fól einstök bréf eða hlutafjáreign einstakra hluthafa, heldur allt það, sem tilboð og gagntilboð fjallaði um. Það megi e. t. v. deila um, hvort stefnandi hafi með rétti getað afturkallað gagntilboð sitt á dskj. 5, en það séu hins vegar réttmæt viðbrögð seljenda að standa við gagntilboð sitt og telja, að ýrasti réttur stefnanda gæti verið sá að ganga inn í hið samþykktu gagntilboð að öllu leyti. Þessu hafi stefnandi hafnað, en lagt fram önnur lakari tilboð, sbr. dskj. 6, 7 og 9, og þar með hafi hann ekki neytt mögulegs forkaupsréttar síns.

Ákvæði 7. gr. stofnsamnings á dskj. 3 og 4. gr. samþykktu Rörsteypunnar h/f á dskj. 4 séu sett til þess að gæta hags hvers og eins hluthafa, seljanda sem kaupanda og eins vegna hlutafélagsins sjálfs, sbr. áskilnað um samþykki stjórnar í 4. mgr. samþykktanna. En greinar þessar séu klassiskar við stofnun hlutafélaga hér á landi og beri það með sér, að þær miðist fyrst og fremst við það tilvik, að stakur hluthafi í félagi vilji selja sín bréf. Í þessu máli liggja hins vegar fyrir, að öll hlutabréf í félaginu voru fól í einu lagi, en alls ekki stök bréf eða hlutafjáreign einstakra hluthafa, sbr. dskj. 6 og 7, og hafi því ekki getað reynt á forkaupsrétt stefnanda, nema hann keypti þau 82.7% hlutafjár, sem hann átti ekki.

Kröfur stefnanda, ef þær næðu fram að ganga, mundu mismuna mjög fyrir félögum hans í hlutafélaginu. Stefndu gætu orðið fyrir mikilli eignar- og réttindaskerðingu. Í stað þess að geta selt eign á réttu og fullu verði

gætu þau setið uppi með ill- eða óseljanlega eign sem áhrifalaus minni hluti í hlutafélagi. Slikt yrði ósanngjörn niðurstaða. Í framhaldi af þessu er bent á, að þótt sú fráleita niðurstaða kæmi fram, að krafa stefnanda um riftun kaupsamnings í máli þessu næði fram að ganga, þá fylgi það alls ekki, að fyrri hluthafar yrðu að þola þá kröfu stefnanda, að hann fengi framseld einhver hlutabréfanna, nánast skv. eigin vali. Vilji hluthafanna hafi verið að selja öll hlutabréf í félaginu eða a. m. k. 75% þeirra og til annars verði þau ekki neydd.

Af hálfu þessara stefndu er tekið undir röksemdir í greinargerðum á dskj. 12 og 25.

Af hálfu stefnda fyrrverandi stjórnar Rörsteypunnar h/f er því haldið fram, að eftir stefnu að dæma sé stjórn Rörsteypunnar h/f stefnt aðallega til þeirrar skyldu að bjóða stefnanda forkaupsrétt að hlutafjáreign hvers einstaks hluthafa. Til þrautaprautavara sé sams konar krafa hjá stefnanda, nema að því leyti að stjórninni verði gert skylt að bjóða stefnanda forkaupsrétt að sölu til hvers einstaks kaupanda.

Þeim stefndu Ásu Jóhannsdóttur, Magnúsi Eiríkssyni og Laufeyju Arnalds sé stefnt sem stjórnarmönnum Rörsteypunnar h/f með stefnu, útgefinni 20. júní 1979, þrátt fyrir að þau hafi vikið úr stjórn 8. júní 1979 á hluthafafundi og ný stjórn hafi þá verið kjörin. Um þetta hafi stefnanda átt að vera kunnugt, sbr. fundargerð dskj. 8, sem stefnandi hafi lagt fram. Hér sé ekki réttum aðilja stefnt og ætti að vísa málinu frá af þeim sökum. Ekki hafi stefnandi krafist ógildingar á gerðum framangreinds fundar og verði að telja hina nýju stjórn löglega kjörna.

Stjórnin hafi ekki heimild að lögum til þess að bjóða stefnanda forkaupsrétt að einstökum hlutum í félaginu, þar sem þeir hafi ekki verið falir einir sér. Komi þetta skýrt fram í gögnum málsins, bæði kaupsamningi um hlutabréfin, dags. 28. maí 1979, og fundargerðum. Á hluthafafundi 1. maí hafi verið fjallað um sölu á hlutabréfunum og hafi stefnandi viljað neyta forkaupsréttar að hlutum þriggja af fimm seljendum. Hafi því verið lýst yfir fyrir hönd stjórnarinnar, að stjórninni væri ekki kunnugt um, að 34—35% af hlutafé væri til sölu. Jafnframt samþykktu allir hluthafar og umboðsmenn þeirra að stefnanda undanskildum, að sú afstaða væri rétt. Stefnandi hafi fengið umhugsunarfrest til þess að neyta forkaupsréttar til 15. maí og með bréfi lögmanns stefnanda 14. maí hafi í raun verið hafnað forkaupsrétti á því, sem til sölu var.

Forkaupsréttarhafi verði að ganga að þeim skilmálum og þeim kjörum, sem í boði eru við sölu hlutabréfa, þegar hann vilji neyta forkaupsréttar síns. Einn af skilmálunum hafi verið, að hlutabréfin væru seld saman, og því geti stefnandi ekki dregið út úr kaupsamningi nokkur bréf eftir geðþótta sínum og sagst neyta forkaupsréttar.

Athygli er á því vakin, út í hvaða ógöngur stefnandi væri kominn, ef kröfur hans yrðu viðurkenndar af dóminum. Þau stefndu Ása og Magnús yrðu af samningi og biðu stórtjón, sem stefnandi einn bæri ábyrgð á.

Af hálfu þessara stefndu er tekið undir röksemdir annarra stefndu.

IV.

Álit dómsins.

Stefndu Ásu Jóhannsdóttur, Laufeyju Arnalds og Magnúsi Eiríkssyni er stefnt persónulega og sem stjórn Rörsteypunnar h/f. Þegar mál þetta var höfðað með birtingu stefnu 20. og 22. júní sl., var stefnanda ljóst, að þessir stefndu mundu ekki lengur vera í stjórn Rörsteypunnar h/f, sbr. fundarboðið á dskj. 19, sem stefnandi hefur viðurkennt að hafa fengið 5. eða 6. júní 1979. Alls er óvíst, að stefnandi hafi á þeim tíma vitað, hverjir skipuðu hina nýju stjórn félagsins, sbr. vottorð bæjarfógetaembættisins í Kópavogi, dskj. 27. En þegar lítið er til kröfugerðar stefnanda og málatilbúnaðar hans í heild, verður ekki á þá skoðun stefndu fallist, að rangt hafi verið að stefna þessum stefndu sem stjórn Rörsteypunnar h/f, og verður því krafa þessara stefndu um sýknu sökum aðildarskorts ekki tekin til greina, enda byggist kröfugerð stefnanda á því, að samningurinn á dskj. 10 sé ólögmaður, en hann er forsenda stjórnarskiptanna.

Aðalkrafa.

Samningurinn, sem stefnandi krefst riftunar á, er byggður á gagntilboði, sem aðalfundur Rörsteypunnar h/f samþykkti að gera stefnda Ólafi Björnssyni o. fl., sbr. fundargerð aðalfundar 21. apríl 1979, dskj. 5, með vísun í tilboð stefnda Ólafs Björnssonar o. fl. í allt hlutafé Rörsteypunnar h/f, dags. 11. apríl 1979, dskj. 13. Á aðalfundi þessum voru stefnandi og stefndu Dagbjört Halldórsdóttir, Laufey Arnalds og Magnús Eiríksson og umboðsmenn stefndu Ásu Jóhannsdóttur og Hönnu Guðmundsdóttur, þ. e. mætt var af hálfu allra hluthafa í Rörsteypunni h/f.

Eftir að stefnandi féll frá samþykki sínu við gagntilboðinu, var honum gefinn kostur á að neyta forkaupsréttar síns og kaupa í einu lagi öll þau bréf, sem fól voru, eða um það bil 83% hlutabréfa í Rörsteypunni h/f miðað við gagntilboðskjör. Ágreiningslaust er, að tilboð stefnanda var annars konar en gagntilboðið, sem stefndi Ólafur Björnsson hafði samþykkt. Eftir því, sem fram kemur í skjölum málsins, virðast stefndu hafa sætt sig við afturköllun stefnanda á samþykki gagntilboðsins.

Þegar til þess er lítið, sem hér hefur verið rakið um aðdraganda að samningnum, sem stefnandi krefst riftunar á, svo og þess, að tilboð stefnda Ólafs Björnssonar o. fl. í hlutabréf í Rörsteypunni h/f var við það miðað, að tilboðsgjafi fengi keypt a . m. k. 75% af öllu hlutafé í Rörsteypunni

h/f, og enn fremur að allir aðrir hluthafar í félaginu en stefnandi, þ. e. stefndu Ása, Dagbjört, Hanna, Laufey og Magnús, vildu selja öll hlutabréf sín í félaginu, þá þykir ekki verða á þá skoðun stefnanda fallist, að samningurinn á dskj. 10 sé í eðli sínu margir kaupsamningar, enda hefur ekkert komið fram um það, að einstakir hluthafar hafi boðið hlutabréf sín til sölu, eða að einstökum hluthöfum hafi verið gerð tilboð í hlutabréf sín.

Forkaupsréttur stefnanda skv. 7. gr. stofnsamnings Rörsteypunnar h/f og 4. gr. samþykkt félagsins var virtur með því, að stefnanda var boðið að ganga inn í það samþykkt gagntilboð, sem borist hafði um kaup á hlutabréfum félagsins. Enda verður að túlka forkaupsrétt þannig, að það sé réttur til þess að ganga inn í kaup á eign, sem háð er forkaupsrétti, með sömu kjörum og boðin eru við kaupin, og jafnframt að forkaupsréttarhafi verði að kaupa alla þá eign, sem boðin er til sölu, en geti ekki gengið inn í kaup á hluta af þeirri eign, sem tilboð er gert í.

Aðalkrafa stefnanda verður því ekki tekin til greina.

Varakrafa.

Hlutabréf stefndu Dagbjartar, Hönnu og Laufeyjar hafa hvorki verið boðin til sölu ein sér né verið gefið í þau kauptilboð ein sér, og liggur því ekki fyrir, hvað hefði verið verð þessara hlutabréfa einna sér, en alls er óvíst, að bréf þessi hefðu ein sér verið verðlögð hlutfallslega á sama verði og 82.727% af hlutabréfum félagsins.

Að öðru leyti vísast hér til rökstuðnings fyrir niðurstöðu dómsins um aðalkröfu, sérstaklega um það, að hér sé um einn samning að ræða og að forkaupsréttarhafi geti ekki gengið inn í kaup á hluta af þeirri eign, sem tilboð er gert í, og verður varakrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Þrautavarakrafa.

Um rökstuðning fyrir niðurstöðu varðandi þessa kröfu stefnanda vísast til rökstuðnings fyrir varakröfu, og verður þrautavarakrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Þrautþrautavarakrafa.

Í fundargerðinni á dskj. 5 segir m. a.: „Lagt var fram tilboð, sem er komið fram í öll hlutabréf Rörsteypunnar h.f. frá Ólafi Björnssyni o. fl.“ Í tilboðinu, dskj. 13, segir m. a. „Ég undirritaður, Ólafur Björnsson, geri hér með fyrir mína hönd og annarra, sem ég tilnefni síðar. . .“ Þegar til þessa er litið svo og til framburðar stefnanda hér fyrir dómi, þykir stefnandi hafa mátt vita þegar á fundinum 21. apríl 1979, að stefndi Ólafur Björnsson var ekki einn að gera tilboð í hlutabréf Rörsteypunnar h/f, og á fundinum 16. maí 1979 var upplýst, hverjir væru væntanlegir kaupendur með stefnda

Ólafí Björnssyni. Niðurstaða dómsins er sú, að stefnandi geti því engan rétt á því byggt, að honum hafi verið ókunnugt um það, hverjir væru væntanlegir kaupendur. Þessi krafa stefnanda verður því ekki tekin til greina.

Niðurstaða dómsins er því sú, að stefndu skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómarsins og óvæntrar ferðar af landi brott.

Dómari málsins var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ása Jóhannsdóttir, Dagbjört Halldórsdóttir, Hanna Guðmundsdóttir, Laufey Arnalds, Magnús Eiríksson, Ólafur Björnsson, Byggingarfélagið Ós h/f, Björn Gíslason, Jónína Jónsdóttir, Kjartan Jónsson, Þórey Ólafsdóttir og fyrrverandi stjórn Rörsteypunnar h/f, stefndu Ása Jóhannsdóttir, Laufey Arnalds og Magnús Eiríksson, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Hilmars Fr. Guðjónssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 1. mars 1983.

Nr. 46/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson rikissaksóknari)

gegn

Herluf Benny Gruber Clausen

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Ákæra. Tollagabrot. Sýknað af ákæru fyrir auðgunarbrot. Fyrning sakar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramennir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1982, en ágrip málsins barst Hæstarétti 25. júní s. á.